

Reykjavík 21. Febrúar 2026

Áskorun til sveitastjórna.

53. Siglingaþing SÍL haldið 21. Febrúar 2026 skorar á sveitafélög landsins að leggja aukna og markvissa áherslu á vernd og góða umgengni um strandlengju landsins, tryggja aðgengi almennings að sjónum til útivistar og jafnframt huga sérstaklega að stuðningi við íþróttafélög og starfsemi sem byggir á nýtingu sjávar og strandar.

Strandlengjan er ein dýrmætasta náttúruauðlind margra sveitarfélaga. Hún gegnir mikilvægu hlutverki hvað varðar lýðheilsu, útivist, ferðaþjónustu, náttúruvernd og lífsgæði íbúa. Aðgengi að sjó og strönd er ekki sjálfsagt. Til að tryggja slíkt þarf meðvitaða stefnumótun, skipulag og vernd.

Við skorum á sveitarfélög landsins að:

- tryggja í skipulagi að almenningur hafi raunhæft og öruggt aðgengi að strandlengju og sjó til útivistar;
 - gæta sérstaklega að því að uppbygging, lóðaskipting og mannvirkjagerð takmarki ekki aðgengi að ströndinni;
 - tryggja þeirri starfsemi sem ljóst er að skerðist vegna yfirstandandi/fyrirhugaðra framkvæmda á landsvísi nýja aðstöðu.
 - huga að góðri umhirðu strandlengju, hreinsun, stígum, merkingum og aðstöðu fyrir almenning auk þess að tryggja að skólp renni ekki út í fjörur og
 - móta skýra stefnu um vernd strandlengjunnar sem sameiginlegrar auðlindar íbúa.
- Jafnframt viljum við vekja athygli á mikilvægi þess að sveitarfélög styðji markvisst við íþróttafélög og aðra starfsemi sem nýtir sjó og strönd. Siglingar, róður, kajak, brimbretti og sjósund efla lýðheilsu, færni og auka tengsl fólks við náttúruna.

Slík starfsemi:

- eykur öryggi og þekkingu íbúa á náttúrunni, ekki síst barna og ungmenna;
- stuðlar að heilsueflingu og virkri útivist;
- styrkir tengsl samfélagsins við sjóinn sem hluta af menningu og sögu staðarins og
- skapar jákvæða ímynd sveitarfélagsins og eykur aðdráttarafl jafnt fyrir íbúa og gesti.

Við hvetjum sveitarstjórnir til að tryggja félögum sem stunda sjótengda starfsemi viðunandi aðstöðu, aðgang að sjó, aðstöðu til geymslu búnaðar og gera ráð fyrir starfsemi þeirra í skipulagi.